

03 stjórnarfundur LH 19. janúar 2011

Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mætt eru: Haraldur Þórarinnsson (HP), Marianna Gunnarsdóttir (MG), Erla G. Gylfadóttir (EGG), Gunnar Sturluson (GS), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigurður Ævarsson (SÆ), Þorvarður Helgason (PH), Sigrún Þórðardóttir (SP) og Andrea Þorvaldsdóttir (AP), Guðrún Stefánsdóttir (GS)

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar hafði verið samþykkt og birt á heimasíðu LH.

2. Bréf frá Bændasamtökum Íslands.

Bréf dagsett 22. desember 2010 er varðar agabrot knapa og einkunnarþröskulda í hæfileikadómi kynbótahrossa.

a. Einkunnarþröskuldar í kynbótadómum

Fagrað mun taka athugasemdir þær sem samþykktar voru á Landsþingi hestamanna um einkunnarþröskulda í hæfileikadómi kynbótahrossa til endurskoðunnar.

b. Agamál

Fagrað telur að tillögu er varðar „knappar íþróttá- og kynbótaknappar, starfsmenn og þjálfarar sem ferðast á vegum LH í keppnisferðum innanlands og erlendis hlíti sömu reglum varðandi agabrot“ að hinu góða og telur nauðsynlegt að setjast yfir það með fulltrúum LH. Í framhaldinu voru Sigurður Ævarsson og Gunnar Sturluson skipaðir sem fulltrúar LH í þessar umræður.

3. Bréf frá stjórn Rangárbakka

Bréf dagsett 24. nóvember 2010 er varðar ályktun landsþings hestamanna 2010

„Stjórn Rangaárbakka ehf. lýsir sig reiðubúna til að koma að viðræðum um að Landsmót hestamanna fari fram á Gaddstaðaflötum við Hellu sumarið 2014.“

Stjórn LH þakkar fyrir bréfið.

4. Íþróttáþing ÍSÍ 8-9. apríl 2011

Fjallað var um þingið og harmað var af stjórn að hafa ekki náð inn manni í stjórn síðasta þings. Ákveðið var að senda bréf á formenn nefnda og óskað eftir tillögum til þess að bera fram á þinginu. Þingfulltrúar verða skipaðir síðar. Nokkur umræða var um kjör íþróttamanns ársins og er mikil óánægja með hvernig staðið er að kjörinu og var ákveðið að leggja inn tillögu á þingið um breytingar á vali íþróttamanns ársins.

Mikil óánægja er meðal stjórnsmanna um hversu litlum fjármunum er veitt til sambandsins úr sjóðum ÍSÍ miðað við stærð þess. Formanni falið að leita eftir fundi með formanni ÍSÍ.

5. Þróunarfjárfnefnd sjávarútvegs og landbúnaðalræðneytins

Tölvubréf dagsett 11. janúar 2011 barst til sambandsins er varðar skipun í Þróunarfjárfnefnd ráðuneytisins. HÞ mun verða fulltrúi sambandsins. Stjórn mun senda lista yfir þau verkefni sem talin eru hafa orðið fyrir miklu tjóni vegna hestaflensunnar.

6. Framkvæmdarstjóri LH og Landsmóts ehf.

Haraldur Örn Gunnarsson hefur verið ráðinn framkvæmdarstjóri LH og LM. Stjórn samþykkti ráðninguna.

7. Fjármál sambandsins

SÞ fór yfir mánaðarlega fjármála sambandsins, kom fram í máli gjaldkera að herða þurfi tókin á fjármálum sambandsins. Var samþykkt að fela gjaldkera og skrifstofu LH að gera fjárhagsáætlun fyrir árið til þess að hafa betra eftirlit fjármuna sambandsins.

8. FEIF þing

FEIF verður haldið 26. febrúar í Austurríki og eftirtaldir aðilar hafa verið valdir til þess að fara á þingið. Haraldur Þórarinnsson, Gunnar Sturluson, Sigurður Ævarsson, Sigurður Sæmundsson og Hulda Gústafsdóttir. Sigurbjörn Bárðarson hefur verið boðið til þingsins af stjórn FEIF.

Stjórn LH telur mikilvægt að Ísland haldi forrystuhluverki sínu á aðþjóðavettvangi og stefnt verði með harðsnúid lið.

9. Æskulýðsmál

Æskulýðsnefnd LH. harmaði að nýr samnginur við Lífland um hjálma hafi ekki tekið til unglíngalandsliðs sambandsins.

10. Vetrarhátíð íslenska hestsins

Vetrarhátíð íslenska hestsins verður haldin 28 – 3. apríl 2011. skipulag hennar er í höndum Haralds Gunnarssonar fyrir hönd LH GS er tengiliður stjórnar við verkefnið.

11. Öryggismál plakat

Lagt var plakat sem er samstarfsverkefni hestamannafélagsins Fáks og Kappaksturklúbbs Akureyrar. Stjórn er ánægð með framtak fyrrnefndra aðila og lýsir yfir fullum stuðningi við verkefnið.

12. Hestatorg

Tölvubréf barst frá Félagi hrossabænda um samstarf Hestatorgs, stjórn tók jákvætt í málið og var Erla Gyldadóttir skipuð fyrir hönd LH í undirbúningshóp verkefnisins.

13. Bréf frá Hrossaræktarfélag Ölfuss

Bréf dagsett 16. Janúar 2011 þar sem HÖ kvetur LH og Félag hrossabænda til þess að auka frekar samstarfs sitt í stað þess að draga úr samstarfi s.s. Uppskeruhátíð hestamanna. Stjórn LH þakkar bréfið og mun senda svar til HÖ.

14. Nýliðun í hestamennsku

Stjórn LH hefur miklar áhyggjur af lítilli nýliðun í íþróttagreininni og ákveðið var að skoða hvernig megi breyta þeirri þróun til betri vegar.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*